

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 3. september 2020
UST202003-060/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal


Þann 2. júní sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávík komu fram við eftirlit er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Á urðunarstaðnum mátti finna nokkuð af plasti og brotajárni sem flokkast ekki sem óvirkur úrgangur og á því ekki að vera á urðunarstaðnum.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og fugla. Úrgangur í urðunarrein var ekki birgður við eftirlit.
3. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Samkvæmt tl. 11 í gr. 5.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili skrá upplýsingar um daglega uppgufun. Skráningar vegna þessa lágu ekki fyrir við eftirlit.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. september, 2020.

Virðingarfyllst



Sigríður Magnúsdóttir



Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Laugardalur Laugardalur, Húsavík



Dags eftirlits	2.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Laugardalur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Smári Jónas Lúðvíksson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram þrjú frávik frá starfsleyfi er varða tegund úrgangs á urðunarstað, daglegan frágang og skil á skráningum.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Farið var yfir stöðuna á urðunarstaðnum en þar er urðaður óvirkur úrgangur úr sveitarfélaginu. Árið 2019 voru urðuð 63 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum en þar er heimilt að urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi og er því urðun vel innan heimilda starfsleyfisins.

Síðasta eftirlit á urðunarstaðinn fór fram árið 2018 og kom þá fram eitt frávik er varðar skil á skráningum. Rekstraraðili hefur síðan bætt úr vegna skráninga en enn vantar þó skil vegna daglegrar uppgufunar.

Kynnt var áhættumat Umhverfisstofnunar vegna tíðni eftirlitsferða, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Áhættumatið var fyrst unnið 2019 og féll urðunarstaðurinn í Laugardal í eftirlitsflokk C sem gerir reglubundið eftirlit annað hvert ár. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Hlið voru læst og girðing í lagi. Í urðunarreininni hafði úrgangur ekki verið birgður sem er frávik frá gr. 4.3 í starfsleyfi er varðar daglegan frágang urðunarreina. Þar segir að úrgangur sem lagður er í urðunarrein skal birgður samdægurs. Þá mátti finna í haugnum nokkuð af brotajárni og plasti sem telst ekki vera óvirkur úrgangur og á því ekki að vera á urðunarstað fyrir slíkan úrgang. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er reglulega farið og týnt úr haugnum það sem ekki á að vera þar. Rekstraraðila er bent á að bæta verklag varðandi urðun og flokkun úrgangs á urðunarstaðnum.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 1.2 í starfsleyfi	Heimilt er að urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Á urðunarstaðnum mátti finna nokkuð af plasti og brotajárni sem flokkast ekki sem óvirkur úrgangur og á því ekki að vera á urðunarstaðnum.
gr. 4.3 í starfsleyfi	Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og fugla. Úrgangur í urðunarrein var ekki birgður við eftirlit.
gr. 5.1 í starfsleyfi	Samkvæmt tl. 11 í gr. 5.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili skrá upplýsingar

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.09.2020



Sigríður Magnúsdóttir